



## Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 6. febrúar 2024

Mál nr. 2023110249

### Efni: 88 húsið - framkvæmdir

Framkvæmdir við 88 húsið hófust á síðasta ári þegar farið var í að bæta aðgengi þ.m.t. uppsetningu á lyftu frá 1.hæð upp á 2.hæð. mikið af skemmdum voru í innréttingu sem og gluggum eldhúsrými sem farið var í að lagfæra ásamt smávægilegum uppfærslum á innra skipulagi. Endurnýjað var ofnalagnir, neysluvatnslagnir í eldhúsi sem og raflagnir. Áætlað var 5.950.000 ISK í þær framkvæmdir en enduðu þær í tæpum 8.000.000 kr.

Ákvörðun var tekin að fara ekki í víðamiklar framkvæmdir í kjallara hússins eins og stóð til þar sem gríðarlegur kostnaður hefði verið að bæta aðgengismál niður í kjallara, því verður öll starfsemi flutt á 1 og 2 hæð þar sem aðgengi er fyrir alla en það fjármagn sem áætlað var í þann áfanga er notað til að uppfæra aðstöðu í salnum sem og viðhaldsframkvæmdir á lögnum og lekum sem hafa gert vart við sig og koma fyrir salernisaðstöðu í salnum.

Á 1445 fundi bæjarráðs dags. 30 nov. var eftirfarandi samþykkt.

#### 7. Fundargerð stjórnar Eignasjóðs 16. nóvember 2023 (2023080175)

Tvö mál úr fundargerðinni voru tekin til sérstakrar samþykktar:

Þriðja mál, 88 húsið - áætlaðar framkvæmdir (2023110249). Heildarkostnaðaráætlun kr. 38.700.000 samþykkt 5-0. Bæjarráð vísar kr. 26.000.000 í viðauka við fjárhagsáætlun 2023 og kr. 12.700.000 í fjárhagsáætlunargerð 2024.

Sjötta mál, Leikskólinn Völlur - staða og tillögur (2023110251). Bæjarráð samþykkir 5-0 að unnið sé áfram í verkefninu.

Vegna tafa við framkvæmdir náðist ekki að framkvæmda allt sem fyrirhugað var á árinu 2023 og því flyst fjárförf sem því nemur á 2024.

Því er óskað eftir aukafjármagni í þær framkvæmdir sem eftir eru fyrir salinn og 2 hæð. 29.000.000 ISK

Viðhengi: Teikningar af salnum.

*Guðlaugur H. Sigurjónsson*  
Guðlaugur H. Sigurjónsson  
Sviðsstjóri Umhverfis-  
og framkvæmdasviðs

#### Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700  
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is  
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni